

LÖG

um breytingu á lögum um landamæri, lögreglulögum og tollalögum
(farþegaupplýsingar fyrir lögreglu og tollyfirvöld).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um landamæri, nr. 136/2022.

1. gr.

Á eftir 16. tölul. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Upplýsingar um farþega og áhöfn:* Upplýsingar sem finna má í farþegabókunargögnum og ferðaskilríkjum farþega og áhafnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- Í stað orðsins „lögreglu“ í 2. mgr. kemur: farþegaupplýsingadeild lögreglu og tollyfirvalda.
3. mgr. orðast svo:

Farþegaupplýsingadeild lögreglu og tollyfirvalda er heimilt að vinna og miðla upplýsingum um farþega og áhöfn til annarra lögregluembætta, tollyfirvalda, Landhelgisgæslu Íslands og annarra stjórnvalda í þágu landamæravörslu, í löggæslutilgangi eða til að viðkomandi stjórnvald geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnsla og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn í farþegabókunargögnum loftfara er aðeins heimil í því skyni að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka eða saksækja fyrir refsiverð brot sem varða a.m.k. þriggja ára fangelsi.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skýldur flutningsaðila og heimild lögreglu og tollyfirvalda til að safna og skiptast á upplýsingum um farþega og áhöfn.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: upplýsingaskyldu skv. 2. mgr. 17. gr. og söfnun, vinnsla, miðlun, þar á meðal til erlendra yfirvalda, og varðveislu upplýsinga um farþega og áhöfn, einkum upplýsinga í farþegabókunargögnum loftfara, sbr. 3. og 4.

- mgr. sömu greinar, en um miðlun fer að öðru leyti eftir ákvæðum III. kafla laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.
- b. H- og i-liður 2. mgr. falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

4. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að starfrækja farþegaupplýsingadeild í samstarfi við tollyfirvöld og önnur viðeigandi stjórnvöld sem annast móttöku, vinnslu og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn.

5. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Lögreglu er heimil vinnsla og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn í samræmi við lög um landamæri og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

6. gr.

Á eftir 3. tölul. 40. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Starfræksla farþegaupplýsingadeildar í samstarfi við lögreglu og önnur viðeigandi stjórnvöld sem annast móttöku, vinnslu og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn.

7. gr.

51. gr. a laganna orðast svo:

Fyrirtækjum sem annast flutning farþega og vöru til og frá landinu er skylt að afhenda farþegaupplýsingadeild lögreglu og tollyfirvalda upplýsingar um farþega og áhöfn. Sama skylda hvílir á stjórnendum, eigendum eða umráðamönnum fara sem ferðast til og frá landinu, þar á meðal einkaflugfara og seglskipa.

Tollyfirvöldum er heimil vinnsla og miðlun upplýsinga um farþega og áhöfn í samræmi við lög um landamæri og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra.

Ráðherra kveður nánar á um umfang upplýsingaskyldunnar og afhendingu upplýsinga til farþegaupplýsingadeildar lögreglu og tollyfirvalda, þar á meðal um form og tímasetningu.

8. gr.

Í stað orðsins „tveimur“ í 1. másl. 1. mgr. 170. gr., 1. mgr. 171. gr., 1. mgr. 173. gr., 1. mgr. 175. gr., 1. mgr. 176. gr., 1. mgr. 177. gr., 1. másl. 1. mgr. 178. gr. og 179. gr. laganna kemur: þremur.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 180. gr. a laganna:

- a. Tilvísunin „1. másl.“ í 1. mgr. fellur brott.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr.:
1. Í stað „10.000 kr. til 100.000 kr.“ kemur: 100.000 kr. til 4.000.000 kr.
 2. Í stað „2.000.000 kr.“ kemur: 10.000.000 kr.

Nr. 36

19. júní 2025

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. júní 2025.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

—————
A-deild – Útgáfudagur: 26. júní 2025